

# Kynning á sáttmála UNESCO um verndun menningararfða



FIMMTUDAGINN 16. APRIL KL. 20:00  
Í SAFNAHÚSINU Á HÚSAVÍK

*Hugtakið menningararfdir merkir "siðsegu, frumsetning, fjáningarform, þekking, ferri – ávaxt tekjunn, blátt, listmenning og menningararjónum sem þeim tengjast – sem samfélög, bójar og í samum tilvikum, einstaklingar teiga bláta af menningararlféi sínu."*  
[z. gr. stílláta]

Allir sem áhuga hafa á menningararfðum okkar  
Íslendinga eru hvattir til að mæta

Guðrún Ingimundardóttir - 869-3398 - runa@thjodlist.is

## Opinn dagur í íþróttahúsinu á Laugum

Framhaldsskólinn á Laugum býður alla velkomna á opinn dag í íþróttahúsi skólans á sumardaginn fyrsta, 23. apríl, kl. 13:00 - 16:00.

Kynning verður á námsframboði skólans, en hann býður upp á nám á almennri námsbraut, félagsfræðibraut, íþróttabraut og náttúrufræðibraut. Einnig verða verkefni nemenda í einstökum áföngum til sýnis og til kynningar.

Nemendafélag skólans, NFL, verður með kynningu á félagslífi nemenda auk þess að bjóða upp á kynnisferðir um húsakynni og heimavistir skólans.

Veitingar verða í boði skólans frá kl. 14:00 - 16:00 í matsalnum í Gamla skóla.

Skólahljómsveitin Galilei mun halda tvenna styrktartónleika á skrifstofu skólameistara í Gamla skóla. Þá fyrri kl. 13:30 og þá seinni kl. 15:00. Aðgangseyrir er 1000 kr. og rennur hann óskiptur til Styrktarsjóðs Umhyggju - félags til stuðnings langveikum börnum.

Aðrir aðilar sem taka þátt og kynna sína starfssemi eru:

*Brunavamir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar*

*Björgunarsveitir í Þingeyjarsveit*

*Kvenfélagasamband Suður-Þingeyinga*

*UMF Efling*

*Urðarbrunnur*


*Rauði krossinn Þingeyjarsýslu*

*Skákkfélagið Huginn*



Héraðsmót HSB í skák í fullorðinsflokki 2015 fer fram á Laugum sumardaginn fyrsta kl 15:00 skráning: [lyngbrekku@simnet.is](mailto:lyngbrekku@simnet.is)

Að lokum býður Þingeyjarsveit öllum gestum og gangandi FRÍTT í sundlaugina á Laugum milli kl. 14:00 og 18:00.



## Matarskemman á Laugum og Þekkingarnet Þingeyinga auglýsa:

Dagana 21. og 22. apríl verður Óli Þór Hilmarsson sérfræðingur hjá Matis með eftirfarandi námskeið og fundi í Matarskemmuni á Laugum:

### Þriðjudaginn 21. apríl kl. 14-17. Innra eftirlit í matvælavinnslu

Kynning á hugtakinu „Innra eftirlit matvælafyrirtækja“

Farið verður í eftirfarandi þætti:

HACCP gæðakerfið

Ábyrgð stjórnenda

Fyrstu skrefin í innleiðingu innra eftirlits

Persónulegt hreinlæti starfsfólks

Gæðahandbókin yfirfarin m.t.t. húsnæðis, mælinga, skráninga, viðbrögð við frávikum, innkallanir, innri úttekta, meindýravarna, þrifaáætlana og krafna um merkingar matvara

Kennd sýnataka umhverfissýna með RODAC skálum og lýst aflestri af þeim

**Námskeiðsgjald kr. 5.000 – Hámark 10 þátttakendur**

### Þriðjudaginn 21. apríl kl. 20-22. Heimavinnsla matvæla, hvað þarf til?

Hverju þarf að huga að áður en heimavinnsla afurða getur hafist? Spjallfundur um málefnið, hvað er verið að gera í dag, má bæta það, hvert stefnum við, hvað vill neytandinn?

Fundarefni m.a.

Opinber leyfismál

Sérstaða framleiðslunnar

Sérmerkingar, uppruni eða gæðamerki

Framleiðslan í dag

Framtíðin?

**Opinn fræðslufundur – ókeypis aðgangur**



## Þingeyjarsveit Frá sundlauginni á Laugum

Við leitum að starfsfólki fyrir sumarið 2015.

Starfið felur m.a. í sér móttöku gesta, afgreiðslu, öryggisgæslu og þríf. Hæfniskröfur

- Frumkvæði - Lipurð í samskiptum - Rík þjónustulund

Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri, vera tilbúnir að tileinka sér þætti skyndihjálpar og standast hæfnispróf sundstaða.

Umsóknarfrestur er til 1.maí.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 8624677

Umsókn skal skilað á netfangið [ludvik2106@gmail.com](mailto:ludvik2106@gmail.com)

## Aðalsafnaðarfundur Grenjaðarstaðarsóknar

Aðalsafnaðarfundur Grenjaðarstaðarsóknar  
verður haldinn á Grenjaðarstað,  
þriðjudagskvöldið 21. apríl klukkan 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd.



## Aðalfundur Þjálfar

Aðalfundur hestamannafélagsins Þjálfar verður haldinn í Ídölum þriðjudaginn 28. apríl nk.

Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundarstörf

Vonumst til þess að sjá sem flesta og bjóðum nýja félagar velkomna!

Stjórnin

## Kammerkór Skagafjarðar

tónleikar í Þorgeirskirkju föstudaginn 17. apríl klukkan 20:30 og í Reykjahlíðarkirkju laugardaginn 18. apríl kl. 16:00

Á efnisskránni eru vorlög og kvikmyndatónlist

Stjórnandi er Helga Rós Indriðadóttir

Aðgangseyrir 2.500 kr. Ekki er tekið við kortum.

Allir hjartanlega velkomnir

## Miðvikudaginn 22. apríl kl. 10-17. Námskeið í fullvinnslu og arðsemisútreikningi á lambakjöti

Á þessu verklega námskeiði verður farið í eftirfarandi þætti:

Sundurhlutun á lambsskrokk miðað við hefðbundna 7 parta sögun

Læri 1. Úrbeinað á hefðbundin hátt, fyllt og sett í net

Læri 2. Úrbeinað, innralæri tekið frá og snyrt, flatsteik snyrt, skanki tekinn sér, létt saltaður og kryddaður fyrir grill.

Hryggur úrbeinaður í hryggvöðva með fitu og hreinsuðum lundum Slög úrbeinuð, söltuð og sett í net

Frampartur 1. Bógur tekinn frá, sýnd snyrting fyrir þurrverkun, framhryggur snyrtur sem steik

Frampartur 2. Sagaður í hefðbundið súpukjöt, eða úrbeinaður í steik með armbeini og kryddaður, eða úrbeinaður og upprúllaður

Skrokkur og allir partar og afurðir úr þeim, fyrir og eftir úrbeiningu, eru vigtaðir og gerðir arðsemisútreikningar.

Viðauki, ef tími vinnst til

Farið yfir helstu atriði söltunar

Gera þækil fyrir rúllupylsu

Grafa hryggvöðva eða innralæri

Söltun, hráverkun og pylsugerð

**Námskeiðsgjald kr. 10.000 – Hámark 5 þátttakendur. Ath. Þátttakendur þurfa að koma með lambsskrokk sem þeir vinna með á námskeiðinu.**

**Skráning á námskeiðin er hjá Jóhönnu Magneu**

**Stefánsdóttur í síma: 863 3381.**

**Síðasti skráningar dagur er 19. apríl.**

## Sumarstörf



Skógrækt ríkisins á Vöglum í Fnjóskadal óskar eftir starfsfólki til sumarstarfa. Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.

Um er að ræða fjölbreytta vinnu er tengist starfseminni á Vöglum, svo sem skógarhögg.

Áhugasamir hafi samband við Rúnar í síma: 896-3112 eða sendi póst á netfangið [runar@skogur.is](mailto:runar@skogur.is)

## ÚSKURÐARNÁMSKEIÐ

### HALDIÐ Í KÍÐAGILI 24 - 26 APRÍL

og hefst það seinnipart fösdudags 24. apríl nk.  
námskeiðgjald 12,000,00 kr.

Léttar veitingar innifaldar ,leiðbeinandi

er Jón Hólmgeirsson

upplýsingar og skráning í síma 4643277 hjá Lottu



Ath! Næsta hlaupastelpa kemur út  
miðvikudaginn 22. apríl og þarf því að skila  
inn auglýsingum í síðasta lagi mánudaginn  
20. apríl kl. 15:00.

Kveðja

Dagný



## Íbúafundur á Breiðumýri

**Þriðjudaginn 21. apríl kl. 20:00**

Stjórnendur Þingeyjarsveitar hafa leitað til  
Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga um að halda íbúafund  
sem er liður í mótvægisáðgerðum vegna breytinga á  
starfsemi Þingeyjarskóla. Tilgangur fundarins er að leita  
eftir hugmyndum sem stuðlað gætu að eflingu byggðar og  
atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Komdu að borðinu með okkur og taktu þátt í að skeggræða  
málið og legðu þínar hugmyndir í púkkið. Fundurinn er  
hugsaður sem „þankahríð“ þar sem við setjum niður á blað  
þær hugmyndir að verkefnum sem eftir geta byggð og  
atvinnulíf á svæðinu.

Í framhaldinu verða hugmyndirnar flokkaðar og greindar og  
þeim fundinn framvindufarvegur eftir atvikum. Boðað  
verður til fundar um þá vinnu síðar.

Allir velkomnir sem bera hag svæðisins fyrir brjósti.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga



## Auglýsing um skipulag.

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu, breytingu á aðalskipulagi eða gerð deiliskipulags hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefningu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 26. mars 2015 að auglýsa skipulagslýsingu skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna breytinga á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og deiliskipulags fyrir fyrirhugaða Svartárvirkjun og lagningar jarðstrengs og ljósleiðara frá virkjunarstað að Laxárvirkjun. Gerð verður umhverfisskýrsla sem verður hluti af greinargerð skipulagsáætlananna.

Aðdragandi skipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsgerðarinnar er sá að SSB Orka hyggst reisa virkjun í Svartá í Bárðardal. Áætlað er að stífla Svartá í Bárðardal um 0,4 km ofan við ármót Grjótár sem fellur í hana að austanverðu. Aðrennslípípa virkjunarinnar er u.þ.b. 3100 m löng og er pípuleiðin er valin meðfram Svartá og verður hún öll niðurgráfin og fyllt að henni. Stöðvarhúsinu verður að öllum líkindum valinn staður skammt frá bakka Svartár um 0,7 km frá vegi þar sem hann sveigir frá ánni upp til móts við bæinn Bjarnastaði. Uppsett afl virkjunarinnar verður 9,8 MW. Leggja á 33 kV jarðstreng ásamt ljósleiðara frá virkjun að tengivirki Landsnets við Laxárvirkjun.

Skipulagslýsingin mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með fimmtudeginum 16. apríl til og með fimmtudeginum 7. maí 2015. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Þingeyjarsveitar: <http://www.thingeyjarsveit.is> undir: Skipulagsmál/Aðalskipulag/Breytingartillögur í auglýsingu. Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 7. maí til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: [bjarni@thingeyjarsveit.is](mailto:bjarni@thingeyjarsveit.is).

Allar nánari upplýsingar gefur undirritaður.

Bjarni Reykjálín

skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar



## Aðalfundur Skógræktarfélags Fnjóskdæla 2015

Verður haldinn að Furuvöllum, Vöglum, Fnjóskadal, mánudaginn 27. apríl og hefst hann kl. 20:30.

Auk aðalfundarstarfa verður fræðsla um örnefni tengd Hálsmelum og umhverfi þeirra.

Þá mun Sverrir Thorstensen flytja fyrirlestur um **Fugla í skógum**.

Verið hjartanlega velkomin

Stjórn Skógræktarfélags Fnjóskdæla

## Aðalfundur Kornræktarfélags Þingeyinga

Verður haldinn í Dalakofanum  
miðvikudaginn 22. apríl kl. 11:30

Venjuleg aðalfundarstörf  
Guðmundur Helgi Gunnarsson ráðunautur mætir og  
heldur erindi um korn- og jarðrækt.

Súpa í boði félagsins.

Sjá einnig á facebook./bændur í Suður-Þingeyjarsýslu.  
Stjórnin



## Félagsvist

Spiluð verður félagsvist á Illugastöðum föstudagskvöldið 17. apríl, miðvikudagskvöldið 22. apríl og miðvikudagskvöldið 29. apríl.  
Vistin hefst öll kvöldin kl 20:00.  
Allir velkomnir.

U.m.f. Bjarmi

## Aðalfundur Kvenfélags Ljósvetninga



Verður haldinn í Húsmæðraskólanum á Laugum  
miðvikudagskvöldið 22. apríl nk. kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Alltaf er pláss fyrir nýjar félagskonur.  
Verið velkomnar .

Stjórnin

15. tbl.  
16. apríl  
2015  
22. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



## Tónleikar í Þorgeirskirkju

Kirkjukór Laugalandsprestakalls í Eyjafjarðarsveit heldur tónleika í Þorgeirskirkju að kvöldi sumardagsins fyrsta, 23. apríl, kl. 20:30.

Á tónleikunum flytur kórinn úrval erlendra og innlendra laga, m.a. eftir Händel, Carl Orff, Gunnar Þórðarson, Gylfa Ægisson, Jóhann Helgason og Trúbrot.

Einsöngur: Birgir H. Arason

Tvísöngur: María Gunnarsdóttir og Sigríður Hrefna Pálsdóttir

Saxófónleikarar: Deborah Robinson og Sigríður Hrefna Pálsdóttir

Stjórnandi og píanóleikari er Daníel Þorsteinsson.

Miðaverð kr. 2000, frítt fyrir börn.

(ath. ekki posi á staðnum)